



# AGA FERILL OG VIÐURLÖG

Í **Víðistaðaskóla** leggjum við áherslu á að kenna nemendum okkar góðar umgengnisreglur sem eru unnar út frá leiðarljósunum okkar **ÁBYRGÐ, VIRÐING, VINÁTTA**. Ef nemandi á í erfiðleikum með að fylgja reglum skólans er litið svo á að nemandinn þurfi endurmenntun í reglum skólans og eru þær kenndar aftur og æfðar betur. Ef brot á reglum eru endurtekin og/eða eftir því sem þau eru alvarlegri verða viðurlög þyngri.

## 1.stig:

### Brot sem snerta nemendann sjálfan

- \* Fer ekki eftir fyrirmælum
- \* Er með gos/sælgæti/tyggjó
- \* Er með húfur/yfirhafnir eða í útiskóm
- \* Er með snjalltæki í óleyfi
- \* Sýnir slæma umgengni
- \* Hleypur á almennum svæðum

1. Leyst á staðnum af viðkomandi starfsmanni. Viðvörðun gefin/rætt við nemanda. Nemandi beðinn um að greina frá/sýna æskilega hegðun. Nemandi biðst afsökunar ef við á.

2. Ef um 2.stigs brot eða endurtekið 1.stigs brot er að ræða er skráningarmiði skráður og afhentur á skrifstofu til skráningar í Mentor og birtur foreldrum. Umsjónarkennari ræðir atvikið við nemanda í skóla. Ef um þriðju skráningu er að ræða hefur kennari samband við foreldra. Samtal skráð í dagbók í Mentor.

3. Við fjórða skráningarmiða eru foreldrar boðaðir til samráðs og frekari viðurlög ákveðin. Ef við á er nemandi settur á skólakort, gerður við hann samningur um bættu hegðun, uppbótavinna ákveðin eða réttindamissir. Sjá blað um ferli skráninga. Málalok skráð í dagbók í Mentor.

## 2.stig:

### Brot sem snerta aðra

- \* Hrekkir/stríðir
- \* Sýnir ókurteisi gagnvart starfsfólki og/eða nemendum
- \* Myndatökur án leyfis
- \* Endurtekin hlaup á göngum
- \* Er með ljótt orðbragð
- \* Stympingar

## 3.stig:

### Alvarleg brot

- \* Slagsmál/líkamlegt eða andlegt ofbeldi
- \* Skemmdarverk
- \* Hótanir
- \* Margítrekuð fyrri brot
- \* Þjófnaður
- \* Brunakerfi sett af stað
- \* Rafrettur/tóbaks- eða vímuefnanotkun

1. Vísað til umsjónarkennara og skólastjórnenda.

2. Samband haft við foreldra.

3. Atvik skráð í Mentor.

4. Viðurlög ákveðin út frá atviki. Málalok skráð í dagbók.

a. Uppbótavinna.

b. Réttindamissir.

c. Einvera.

d. Nemandi bætir tjón sem hann veldur af ásetningi.

e. Tímabundin brottvísun, forráðamenn sækja nemanda í skólann.

f. Brottvísun úr skóla/önnur úrræði fundin.